

Áætluð dagskrá fyrir skólahópa á vorönn 2022

Málsaðili : Garðabær
Tengiliður :
Dagsetning : 17.01.2022
Númer : 2111208
Flokkur :

Efni : Menningardagskrá fyrir skólahópa á vorönn 2022

- Frestað frá nóvember 2021: Fiðurfé og fleiri furðuverur, tónlistardagskrá í boði Listar fyrir alla á vegum Mennta- og menningarmálaráðuneytis flutt fyrir 1.-4. bekk í sal Tónlistarskólans. Menningar- og safnanefnd stendur straum af rútukostnaði fyrir nemendur sem ekki geta komist fótgangandi. Hallveig Rúnarsdóttir sópransöngkona og Jón Svavar Jósefsson baritón ásamt Hrönn Þráinsdóttur fluttu íslensk lög og bregða á leik í stíl við texta Þórarins Eldjárn.
- Frestað frá nóvember 2021: Jazztónleikar fyrir 5. ? 7. bekk. Söngkonan Margrét Eir ásamt Leifi Gunnarsyni kontrabassaleikara og Sunnu Gunnlaugs píanóleikara leika áhugaverða dagskrá þar sem þátttöku nemenda er krafist með ýmsum hætti.
- Hönnunarsafn Íslands: Fræðsla og sköpun í tengslum við sýningu um sundlaugamenningu. Rán Flygenring teiknari vinnur glæsilegt hönnunarverkefni með nemendum í 3.- 4. bekk en afraksturinn verður sýndur á Barnamenningarhátíð 4. ? 9. apríl.
- Bókasafn Garðabæjar: Ratleikur fyrir 6. Bekk og grafískar skáldsögur fyrir 8. ? 9. bekk.

Barnamenningarhátíð í Garðabæ 4. ? 9. apríl 2022: Fjölbreytt dagskrá, smiðjur og þátttaka nemenda í fyrirrúmi. Verkefni tengt Minjagarðinum á Hofsstöðum sem hefur fengið styrk frá Þjóðræknifélaginu verður m.a. á dagskrá.